



Alþingi
Erindi nr. P 139/144
komudagur 8.11.2010

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 05.11.2010

0904131SA AGB
Málalykill: 180

Efni: Endurflutt tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 2010-2013 (þskj. 43-42. mál).

Með tölvubréfi 27. október sl. var Sambandi íslenskra sveitarfélaga veitt tækifæri til að senda umsögn um ofangreint mál eða bæta við fyrri umsögn, sem send var í bréfi, dags. 14.05.2010.

Af því tilefni þykir sambandinu rétt að koma á framfæri helstu áherslum 1. landsþings sambandsins á nýju kjörtímabili í atvinnu- og byggðaþróunarmálum. Þingið var haldið á Akureyri frá 29. september til 1. október sl. undir yfirskriftinni: „Nýtt umhverfi – ný úrlausnarefni – ný tækifæri“.

Á þinginu fóru fram umræður um helstu úrlausnarefni sveitarfélaga á nýju kjörtímabili. Einn umræðuhópurinn fjallaði um hlutverk sveitarfélaga í uppbyggingu eftir hrun og þ. á m. um þátttöku sveitarfélaga í byggðaþróun og atvinnuuppbyggingu. Helstu niðurstöður hópsins voru þessar:

- Sveitarfélög þurfa að fá meiri áhrif og forræði á byggða- og atvinnumálum og byggðamál ættu að heyra undir hið nýja innanríkisráðuneyti í samræmi við samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna.
- Efla þarf landshlutasamtök sveitarfélaga og hlutverk þeirra í atvinnu- og byggðamálum.
- Einfalda þarf stuðningskerfið við atvinnulífið og sameina staðbundnar þjónustueiningar. Í því sambandi var lögð fram meðfylgjandi mynd af stuðningskerfinu.
- Byggðamál eiga að taka til alls landsins.
- Brýnt er að veita markvissari stuðning við byggða- og atvinnumál á jaðarsvæðum.
- Verkefnið um sóknaráætlun var talið mikilvægt en vinna við hana var gagnrýnd.

Eins og fram kom í fyrri umsögn sambandsins þá telur það að ýmsar góðar hugmyndir séu settar fram í þingsályktunartillögunni en hún tekur ekki á því hvernig hægt er að tryggja sveitarfélögum meiri áhrif og forræði á byggða- og atvinnumálum, né á því að byggðamál þurfi að taka til alls landsins. Mikilvægt er að setja af stað vinnu við að skoða þau mál með beinni aðkomu sveitarstjórnarstigsins.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Anna G. Björnsdóttir

sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs

